

Alþingi
Erindi nr. þ 138/1563
komudagur 7.4.2010



Utanríkismálanefnd Alþingis
Stígur Stefánsson
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mri.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 6. apríl 2010
Tilv.: MMR10030314/30.20.1

Ísland er til tölvubréfs frá utanríkismálanefnd Alþingis, dags. 18. mars sl., þar sem óskað er umsagnar og kostnaðarmats mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjórar þingsályktunartillögur Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sem eru til meðferðar í utanríkismálanefnd.

Mál nr. 311: Tillaga til þingsályktunar um árlegan vestnorrænan dag.

Mennta- og menningarmálaráðherrar Vestur-Norðurlanda ræddu ályktun Vestnorræna ráðsins með fulltrúum þess á árlegum samráðsfundi þeirra sem fram fór í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Stokkhólmi 27. október sl. Þar komu ráðherrarnir á framfæri því sjónarmiði sínu að komi til að ákveðið verði að halda vestnorrænan dag, sem haldinn yrði háttíðlegur árlega til skiptis í einu vestnorrænu landanna, væri eðlilegt að Norrænu húsunum í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi yrði falið f.h. stjórnvalda að standa að slíkum degi, í samráði við þá aðila sem nefndir eru í greinargerð með tillöggunni. Kostnaður við slíkan dag gæti þó ekki einungis rúmast innan fjárheimilda Norrænu húsanna, heldur yrði einnig að gera ráð fyrir sérstakri fjárveitingu af fjárlögum landanna á fjárlagalið mennta- og menningarmálaráðuneytis, 02-984, norræn samvinna.

Af þessu tilefni er vert að nefna að lengi hefur verið við lýði samningur milli Vestur-Norðurlanda um samstarf á sviði mennta, vísinda og menningar og er árlegt framlag ráðuneytisins 200 þús dkr. Meðal þeirra verkefna sem ráðist hefur verið í samkvæmt samningnum er ritun þeirrar bókar sem nefnd er í greinargerð um sameiginlega sögu og menningu Vestur-Norðurlanda. Þá hefur ráðuneytið einnig verið lengi í samstarfi við Vestnorræna ráðið um vestnorrænu barnabókaverðlaunin og greitt þýðingarkostnað.


X Mál nr. 312: Tillaga til þingsályktunar um vestnorræn nemendaskipti milli menntastofnana á framhaldsskólastigi.

Tillagan felur í sér að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að gera samning við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um samstarf menntastofnana á framhaldsskólastigi í löndunum þremur með það að markmiði að koma á nemendaskiptum. Enn fremur er mælt með að stjórnvöld leggi fé í sjóð til að greiða kostnað við verkefnið.


Almennt um kostnað.

Framangreindar tillögur fela í sér mismikinn kostnað sem erfitt er að meta nákvæmlega á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Ljóst má þó vera að torsótt getur orðið að afla nýrra framlaga á fjárlögum 2011 og 2012 þar sem verulegur niðurskurður er fyrirsjáanlegur til málefna á verksviði mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra



Þórhallur Vilhjálmsson



Sigurbjörg Sigurjónsdóttir